



Frístundakort í Sveitarfélaginu Vogum

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga greiðir íbúum sveitarfélagsins 18 ára og yngri og 67 ára og eldri árlegan frístundastyrk. Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun ársins 2019 er upphæð frístundastyrksins kr. 25.000 á einstakling fyrir hvert ár.

FRÍSTUNDAKORT – REGLUR OG SKILYRÐI

Markmið og tilgangur Frístundakortsins – börn 18 ára og yngri

Meginmarkmið Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Sveitarfélaginu Vogum geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Með Frístundakortinu má greiða að hluta fyrir íþróttaiðkun á vegum félaga og samtaka sem starfa í Vogum og nágrennasveitarfélögum. Markmiðið með styrknum er m.a. að vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda. Styrkurinn fæst greiddur gegn framvísun greiðslukvittana um þátttöku í skipulögðu íþrótt- og/eða tómsundastarfi, eða gegn framvísun greiðslukvittunar fyrir líkamsræktarkorti sem gildir a.m.k. í þrjú mánuði. Styrkurinn getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald viðkomandi íþrótt- eða tómsundagreinar.

Markmið og tilgangur Frístundakortsins – íbúar 67 ára og eldri

Eldri borgarar er sá hópur íbúa sveitarfélagsins sem mun fjölga hlutfallslega mest á næstu árum. Einstaklingar í þessum aldurshópi eru almennt betur á sig komnir líkamlega en áður var. Með því að hvetja þennan aldurshóp til reglubundinnar hreyfingar og ástundun heilbrigðs lífnis aukast lífsgæðin auk þess sem álag á heilbrigðis- og umönnunarkerfið minnkar. Sveitarfélagið Voga vill því leggja sitt að mörkum með því að endurgreiða þjálfunarkostnað þessa aldurshóps, hvort sem það er skipulögð hreyfing undir stjórn þjálfara gegn framvísun kvittunar eða framvísun greiðslukvittunar fyrir líkamsræktarkorti sem gildir í a.m.k. þrjú mánuði. Styrkurinn getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald viðkomandi íþróttagreinar.

Almennar reglur um Frístundakort og frístundastyrk

- Með Frístundakortinu er ekki mögulegt að greiða fyrir sérstakan viðbótarkostnað svo sem tæki og búnað, fangað, ferðakostnað o.þ.h.
- Þegar foreldri eða forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags á grundvelli Frístundakortsins þá er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra.
- Ráðstöfunarréttur fellur niður flytji styrkþegi úr sveitarfélaginu.

Skráning í frístundakortskerfið

Á reikningi þarf að koma fram nafn og kennitala útgefanda reiknings, nafn og kennitala iðkanda og fyrir hvað er verið að greiða, starfs- eða æfingatímabil, hvenær starfsemi fer fram og hvar hún fer fram.

Greitt er tvisvar á ári, þann 15. október fyrir haustönn og 15. febrúar fyrir vorönn. Reikningur þarf að hafa borist bæjarskrifstofu fyrir 1. þess mánaðar sem greitt er.

Samþykkt í bæjarstjórn 30.janúar 2019